

BSRB VARAR VIÐ EINHLIÐA LAUNALÆKKUNUM

Á ýmsum vinnustöðum, þar með talið stofnunum ríkis og sveitarfélaga, hefur verið um það rætt að lækka laun og skerða kjör til að mæta þverrandi tekjum. BSRB er fylgjandi kjarajöfnun ekki síst þegar sverfur að fjárhag fyrirtækja og stofnana. En að sama skapi er alvarlega varað við einhliða ákvörðunum stjórnenda fyrirtækja og stofnana hvað þetta snertir. Engar almennar ákvarðanir hvað varðar breytingar á kjörum starfsfólks, þar með talið starfshlutfall, á að taka án vitundar og samráðs við starfsfólk og stéttarfélög þess. BSRB leggur ríka áherslu á að ólöglegt er að skerða kjarasamningsbundin kjör starfsmanna. Ráðstafanir stjórnvalda beinast enn sem komið er meira og minna að því að koma byrðunum yfir á almennt launafólk og fráleitt að réttlæta launalækkun og frekari skerðingar á þess kostnað. Þegar hefur almennt launafólk orðið fyrir verulegri kjaraskerðingu af völdum fjármálahrunsins.

Enn bólar ekki á neinum ráðstöfunum til að bæta kjör þeirra sem minnst hafa og verst þola áföllin. Þvert á móti hefur verið boðaður niðurskurður í velferðarkerfinu og er hans þegar farið að gæta. Á tímum samdráttar og erfiðleika á að efla velferðarþjónustuna en ekki veikja hana enda er hún í senn öryggisnet og til þess fallin að jafna aðstöðu fólks.